



Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík, 18. maí 2017
UB:1705/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. mál.

Umboðsmaður barna fékk því miður ekki ofangreint frumvarp sent til umsagnar og fór málið því framhjá honum. Þar sem umsagnarfrestur er þegar liðinn mun umboðsmaður ekki fara með ítarlegum hætti yfir frumvarpið. Umboðsmaður barna fagnar allri lagasetningu sem miðar að því að auka jafnræði og koma í veg fyrir mismunun. Vonar hann því að frumvarpið verði samþykkt.

Það er ánægjulegt að sérstaklega sé fjallað um bann við mismunun í tengslum við félagslega vernd og í skólum og á uppeldisstofnunum. Umboðsmaður barna tekur undir umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi en umboðsmaður hefur reynslu af því að börn af erlendum uppruna virðast oft ekki fá þá þjónustu sem þau eiga rétt á í skólakerfinu, þar á meðal þegar kemur að sérkennslu í íslensku og kennslu í eigin móðurmáli. Hann veltir þó fyrir sér hvort ekki sé ástæða til að áretta sérstaklega að 10. gr. taki einnig til mismununar á grundvelli tungumáls.

Brýnt er að bregðast við þeirri mismunun sem börn og fjölskyldur þeirra þurfa oft að þola vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna. Þó er ljóst að aðrir hópar barna eiga einnig í aukinni hættu á að verða fyrir mismunun, svo sem fötluð börn og hinsegin börn. Er umboðsmaður barna því sammála því sem fram kemur í sameiginlegri umsögn Samtakanna 78, Trans Ísland, Intersex Ísland, HIV-Ísland, Tabú, Geðhjálp, Öryrkjabandalags Íslands og Samtaka um líkamsvirðingu, að mikilvægt sé að vinna með jafnrétti í viðtækri merkingu og hafa samráð við jaðarsetta hópa. Í þessu sambandi vill umboðsmaður enn fremur taka fram mikilvægi þess að taka sérstaklega á mismunun vegna aldurs. Vissulega eru oft málefnaleg rök fyrir því að aðrar reglur gildi um börn en fullorðna, meðal annars til þess að vernda börn. Hins vegar leita börn reglulega til umboðsmanns barna og kvarta yfir því að þeim sé mismunað einungis vegna aldurs, t.d. þegar kemur að afgreiðslu í búðum eða annars konar þjónustu.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Skrifstofa umboðsmanns barna